

Ný vönduð bók um fjallamennsku komin á markað

Sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi

FJALLAMENNSKA heitir ný vönduð bók, sem Bókaútgáfan Örn og Örygur hefur gefið út. Höfundar bókarnar eru þeir Ari Trausti Guðmundsson og Magnús Guðmundsson, en auk þess hefur Hreinn Magnússon tekið flestar myndir í bókinni.

Á blaðamannafundi, sem boðað var til í tilefni útkomu bókarnar, kom fram hjá höfundum, að gróft mætti skipta bókinni í tvo hluta, annars vegar umfjöllun um almennar fjallaferðir og svo hins vegar umfjöllun um sérhæfða fjallamennsku og klifur, en báðir þessir þættir njóta mjög ört vaxandi vinsælda hér á landi.

Útkoma þessarar bókar, sem er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi, er mikið ánægjuefni fyrir alla þá sem leggja stund á fjallamennsku og útiveru almennt. Mjög er til bókarnar vandað. Í henni eru tæplega 200 myndir og uppsetning efnisins er mjög aðgengileg fyrir lesendur.

Í bókinni segir, að ferðaslóðir íslenskra fjallamanna heima við liggja um hálendi, sem er að mörgu leyti einstakt í heiminum. „Ræður

þar mestu lág snæfína, eldvirkni og rakt og kalt loftslag. Jöklar eru stórir, berg molnar auðveldlega, gróður er fremur lítill og frostþensla í jarðvegi mikil, að ógleymdum mörgum stríðandi vatnsföllum.“

Í bókinni er að finna 10 heilræði til fjallamanna, en þau eru eftirfarandi: 1) Gerið ferðaáætlanir með hliðsjón af landakortum og leiðalýsingum. 2) Takist ekki á við of erfið verkefni of snemma. Reynið erfiðari ferðir eða klifur smám saman, með aukinni reynslu. 3) Ferðist í félagi við aðra. Haldið hópinn. Veitið ekki hópi forystu fyrr en nægileg reynsla er fengin. Einn maður ætti ekki að vera í forystu fyrir meira en 10 mönnum. 4) Búið ykkur ávallt undir hið versta. Skór skulu vera hlýir. Hafið meðferðis regnföt, hlý föt, varafatnað, nægan mat handa öllum, landakort, flautu, áttavita, neyðarblys, sjúkratösku og álpoka. 5) Ætlið ykkur nægan tíma og haldið sem jöfnustum hraða. Flýtir er óþarfur, slór sömuleiðis. 6) Veltið ekki grjóti. Kynnið ykkur og fylgið reglum Náttúruverndarráðs. 7)

Fylgist með veðri. Haldið ekki áfram skeytingarlaust ef það versnar. 8) Reynið ekki kletta-, snjó- og ísklifur án reynslu eða án forystumanns eða leiðsögumanns. 9) Ef þið villist, flanið ekki að neinu. Íhugið stöðuna, haldið hópinn og leitið vandlega að góðri leið úr ógöngunum. 10) Skiljið eftir skilaboð um áætlaða leið, varaleið og áætlaðan tíma. Ef út af bregður, látið þá vita af ykkur.

Annars er að finna í bókinni ýmis heilræði og leiðbeiningar um útbúnað, leiðaval og margt fleira, sem kemur að góðum notum, sérstaklega fyrir þá sem þekkja fjallamennsku lítið. Eftir að hafa lesið bókina er því óhikað hægt að mæla með henni fyrir alla áhugamenn um fjallamennsku.

— sb.



Höfundar hinnar nýju vönduðu bókar um fjallamennsku, fv. Magnús Guðmundsson, Hreinn Magnússon og Ari Trausti Guðmundsson, glugga í bókina.

Ljósmynd Mbl. ÓL.K.M.



Listamennirnir Ásgerður Búadóttir, Magnús Tómasson og Gunnar Örn.

Norræn listasýning í Helsinki

Fyrir skömmu var opnuð norræn listasýning í Konsthallen í Helsinki undir nafninu „Borealis — norrænar myndir 83“. Sýningin er á vegum Norrænu listamiðstöðvarinnar í Sveaborg og eru á henni verk þriggja listamanna frá hverju Norðurlandanna og Færeyjum.

Íslensku listamennirnir eru Ásgerður Búadóttir, Gunnar Örn og Magnús Tómasson. Svinn Tage M. Hörling valdi myndirnar á sýninguna í samvinnu við þjóðardeildir norræna myndlistarbandalagsins. Sýn-

ingin verður í Helsinki fram í júlí, þaðan fer hún til Danmerkur, Noregs og Færeyja. Hún verður sett upp á Kjarvalsstöðum næsta sumar og lýkur í Svíþjóð haustið 1984.

**Fer inn á lang
flest
heimili landsins!**
Morgunblaðið

NC plast pakrennur norsk gæðavara

NC plast-pakrennur eru sérhannaðar fyrir breytilegt veðurfar og standa því auðveldlega af sér harða íslenska vetur.

Sérlega létt og einföld uppsetning gerir þér kleift að ganga frá rennunum sjálfur án mikillar fyrirhafnar.



NC plast-pakrennur eru skynsöm fjárfesting



GLERBORG HF

DALSHRAUNI 5 - HAFNARFIRÐI - SÍMI 53333